

460. fundur velferðarnefndar
haldinn á skrifstofu velferðarsviðs í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. september
2021 og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Pórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson formaður, Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður og Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu og Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094

Þrjú trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Þjónusta í málefnum aldraðra - 2020100075

Lagt fram minnisblað Albertu G. Guðbjartsdóttur, dags. 7. september 2021, um stöðu í öldrunarþjónustu ásamt tillögum til að efla þjónustuna.

Velferðarnefnd styður tillögur í eflingu öldrunarþjónustu og óskar eftir að þær verði teknar til umfjöllunar í öldungaráði.

3. Starfsleyfisskylda einkaaðila sem veita félagslega þjónustu - 2021080037

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Rósu Guðrúnar Sólberg f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar félagþjónustu og barnaverndar, dagsettur 4. ágúst 2021, þar sem athygli er vakin á starfsleyfisskyldu einkaaðila sem veita félagslega þjónustu.

Lagt fram til kynningar.

4. Gjaldskrár 2022 - 2021050043

Drög að gjaldskrá velferðarsviðs 2022 lögð fram til kynningar.

Velferðarnefnd leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá velferðarsviðs verði samþykkt.

5. Launaáætlun - Velferðarsvið - 2021090025

Lagt fram til kynningar minnisblað Albertu G. Guðbjartsdóttur, dags. 6. september 2021, þar sem vinna við launaáætlanir 2022 á velferðarsviði er kynnt.

Lagt fram til kynningar.

6. Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega - 2017110061

Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 2021 lagðar fram til endurskoðunar þar sem viðmið á tekjumörkum og hámark afsláttar fyrir árið 2022 er til umfjöllunar.

Velferðarnefnd felur starfsmönnum að vinna málið áfram.

7. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Sigríðar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 12. maí 2021, þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál. Umsagnarfrestur er til 26. maí.

Bæjarráð vísaði málinu til velferðarnefndar á 1153. fundi sínum þann 17. maí 2021.

Velferðarsvið tók málið til skoðunar áður en umsagnarfrestur leið. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15